



Gunnþórunn Gísladóttir

MS-ritgerð: Ónæmisvirkni lýkópódíum alkalóíða-

Samanburður á massagreiningarmynstri alkalóíða og ónæmisvirkni jafnaútdráttá

Höfundur: Gunnþórunn Gísladóttir fæddist þann 9. maí árið 1989 í Keflavík. Hún lauk stúdentsprófi af náttúrufræðibraut frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja árið 2013 og hóf nám við Lyfjafraeðideild Háskóla Íslands árið 2016. Foreldrar hennar eru Gísli Rúnar Eiríksson og Jóhanna Margrét Óladóttir. Hún á tvær dætur, Nadíu og Ísold sem eru sex og tíu ára. Hún býr í Reykjavík með sænskum maka sínum Dr. Eersapah. Á milli námsára hefur hún starfað hjá Lyfju, sjúkrahúsapóteki Landspítala og við rannsóknarvinnu við Lyfjafraeðideild Háskóla Íslands. Að námi loknu stefnir hún að vinnu við lyfjaiðnaðinn eftir að hafa öðlast starfsréttindin sem lyfjafraeðingur.



Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Nýlega hefur verið sýnt fram á að jafnar sem innihalda lýkópódíum alkalóíða (LA) hafa ónæmismótandi virkni. Það hefur einnig verið sýnt fram á breytileika í munstri lýkópódíum alkalóíða milli mismunandi jafnategunda. Í þessari rannsókn var munur á ónæmismótandi virkni meðal þriggja mismunandi arfgerða íslenska jafnans *Huperzia selago*.

Niðurstöður sýndu að í arfgerð 3 eru; huperzine A, cernuine, senepodine F, sem stuðla að ónæmismótandi virkni. Rannsóknin gefur til kynna breytileika innan tegundar varðandi ónæmismótandi svipgerð *H. selago* auk þess að bera kennsl á líklega alkalóíða sem valda þessum áhrifum. Þörf er á frekari líflyfjafraeðilegum rannsóknum með hreinsuðum efnasamböndum til þess að staðfesta niðurstöðurnar.